



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag(-deild) ÍSÍ – vinnuferill v. umsókna

1. Félag/-deild hefur samband við ÍSÍ og sýnir áhuga á viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag/-deild.
2. Starfsmaður ÍSÍ fer yfir gátlista Fyrirmyndarfélaga með fulltrúa félags/deildar og útskýrir einstaka liði listans.
3. Starfsmaður ÍSÍ sendir félagi/deild jafnframt skjalið „Gerð og útlit handbóka – leiðbeiningar félags/deildar“ og fer yfir skjalið með fulltrúa félags/deildar.
4. Félag/deild vinnur að gerð handbókar og þ.m. þeirra þátta sem eru á gátlistanum.
5. Félag/deild getur hvenær sem er sent hluta gagna til yfirlesturs hjá ÍSÍ, handbókin þarf ekki að vera fullgerð á þeim tímapunkti.
6. Starfsmaður ÍSÍ fer yfir gögnin hverju sinni og sendir félagi/deild þær aths. sem hann hefur eða eftir atvikum samþykkir.
7. Gögn er lúta að atriðum gátlistans eru send á milli starfsmanns ÍSÍ og fulltrúa félags þar til þau hafa verið samþykkt af viðkomandi starfsmanni ÍSÍ. Samskipti félags/deildar og ÍSÍ geta verið með ýmsum hætti s.s. með tölvupósti, í gegnum síma, á Teams o.fl.
8. Þegar öll gögn gátlistans hafa verið samþykkt af starfsmanni ÍSÍ og útlit handbókar sömuleiðis eru gögnin borin undir í.þ.m. einn annan starfsmann stjórnslusviðs ÍSÍ til endanlegrar samþykktar.
9. Auk fyrrgreindra gagna þarf félag/deild að skila inn til ÍSÍ formlegri umsókn um viðurkenningu, undirritaðri af stjórnarmanni eða starfsmanni.
10. Félag sendir ósk um dags- og tímasetningu fyrir afhendingu viðurkenningar sem helst skal tengjast viðburði á vegum félags/deildar eða öðrum viðburði við hæfi.
11. ÍSÍ og félag/deild koma sér saman um endanlega dags- og tímasetningu sem hentar báðum aðilum.
12. Fulltrúi ÍSÍ sendir félagi/deild skjalið „Eftir viðtöku viðurkenningar – leiðbeiningar félaga/deilda og leggur áherslu á efni skjalsins.
13. Fulltrúi ÍSÍ (helst úr framkvæmdastjórn) afhendir félagi/deild viðurkenninguna í lit og A3 stærð í ramma auk fána Fyrirmyndarfélaga. Auk þess sendir ÍSÍ félagi/deild merki Fyrirmyndarfélaga á stafrænu formi til notkunar í starfi félagsins s.s. á heimasíðu, bréfsefni og auglýsingar.
14. Viðurkenningin gildir til fjögurra ára í senn en félagið/deildin skal engu að síður senda inn árlega til ÍSÍ uppfærða handbók og eftir atvikum fylgigögn til yfirferðar og samþykktar.
15. Að fjórum árum liðnum sækir félag/deild um endurnýjun viðurkenningar og skilar inn uppfærðri handbók og eftir atvikum fylgigögnum auk formlegrar umsóknar um endurnýjunina til ÍSÍ og ferillinn endurtekur sig.